

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps í Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Keflavíkur.

1. gr.

Bæjarstjórn Keflavíkur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og til vatnssölu í kaupstaðnum og til hafnarinnar.

Óheimilt er skipum í Keflavíkurhöfn að taka vatn annars staðar í Keflavík en úr æðum vatnsveitu Keflavíkur, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssólumaður eða vatnsveitustjóri ákveða.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf. Hver, sem vill komast í samband við vatnsveitu Keflavíkur, skal senda vatnsveitustjóra skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum bæjarins að húsvegg og annast allt viðhald þeirra á sinn kostnað.

3. gr.

Skýlt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá götulögnum (stopphana) vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim, eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

4. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

Heimilt er starfsmönnum vatnsveitunnar að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

5. gr.

Engum er heimilt, án leyfis vatnsveitustjóra, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Vatnsveitustjóri getur lokað fyrir vatn í öllum bænum, eða nokkrum hluta hans til hreinsunar á vatnsgeymum og til viðgerða á þeim eða vatnsæðum. Slík lokun skal þó tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tók eru á.

7. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem virt eru til fasteignaskatta, og vatn er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til skal greiða vatnsskatt og tengigjald. Skatturinn og tengigjaldið skal lagt á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna.

8. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem svo er ástatt um sem segir í 7. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt 1.2% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00 af hverri íbúð. Tengigjald skal vera kr. 1000.00 fyrir einnar íbúðar hús, en kr. 500.00 fyrir hverja íbúð í húsi, sem eru fleiri en ein íbúð, og auk þess 1% af fasteignamatsverði húss og lóðar.

Fasteignagjaldið greiðist um leið og leyfi er veitt til tengingar, en fasteignamatsgjaldið þegar húsið hefur verið metið.

Ef hús, er greiða ber af vatnsskatt, eru ekki virt fasteignamatsverði eða húsin eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákvarðar vatnsveitan skattinn.

Heimilt er að ákveða vatnsskatt af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, sem vatnsæðar liggja um.

9. gr.

Auk vatnsskatts skv. 8. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar svo og aðra sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

10. gr.

Aukavatnsskatt skv. 9. gr. skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 1.50 fyrir hvern teningsmetra.

11. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggitla vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 500.00.

12. gr.

Fyrir vatn til hafnarinnar greiðist 25% af söluverði þess vatns, sem höfnin afhendir.

13. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

14. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum, getur bæjarstjórn ákveðið, fyrir eitt ár í senn, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, að hækka gjaldskrána um allt að 50%.

15. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast bæjarstjóri reikningshald og innheimtu skattsins.

Gjalddagi er 2. janúar ár hvert. Auka vatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á, með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs. Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari reiknast í heilum krónum.

16. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrir-tækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Vatnsskattinn má taka löglaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Hver, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsgeyma, bruna-hana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkv. mati tveggja óvilhallra manna, og sæta sektum fyrir.

18. gr.

Skýlt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatns-veitunnar, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatns-veitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 1000.00 króna sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstað-ar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 173 12. september 1945 um vatnsveitu í Keflavík og reglugerð nr. 207 31. des. 1958 um breyting á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Keflavík
nr. 206 31. desember 1958.**

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast þann kostnað, skal hver húseigandi greiða bæjarsjóði tengigjald, er hann